

## Ræða Vilhjálms Bjarnasonar framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta

á aðalfundi 21. apríl 2009.

Aðalfundargestir, heiðruðu tilheyrendur.

Síðustu fjórir mánuðir liðins árs voru tími mikilla tíðinda á íslenskum fjármálamarkaði. Ský hrönnuðust upp á haustmánuðum og í byrjun október fóru þrjú íslenskir viðskiptabankar í þrot þannig að hlutafé í eigu einstaklinga að verðmæti um 120 milljarða varð að engu. Síðan hafa fleiri bankar fallið og verðmæti hlutabréfa þar var einnig horfið. Inneignir á reikningum í bönkunum hafa verið varðar en inneignir í verðbréfasjóðum hefur rýrnað verulega. Til þess eru einkum þrjár ástæður:

- Sjóðirnir áttu verðbréf, sem voru útgefin af viðskiptabönkunum sem fóru í þrot, en verðbréfin urðu verðlítil við setningu neyðarlaganna.
- Sjóðirnir áttu skuldabréf, sem voru útgefin af eignarhaldsfélögum sem hafa farið í þrot við greiðsluþrot viðskiptabankanna.
- Sjóðirnir áttu hlutabréf í viðskiptabönkunum sem urðu að engu.

Mánuðirnir sem í hönd fóru voru á margan hátt tími ráðaleysis. Úrræði voru fá og það tók um þrjú mánuði að ákveða á hvern hátt bankahrunið skyldi rannsakað. Sem kunnugt er verður bankahrunið rannsakað af sérstakri rannsóknarnefnd sem forætisnefnd alþingis skipaði samkvæmt lögum, svo og einnig af nefnd sem skal rannsaka viðskiptasiðferði bankanna. Einn stjórnarmaður í stjórn Samtaka fjárfesta, Salvör Nordal, situr í nefndinni um viðskiptasiðferði. Af þeim ástæðum sagði Salvör sig úr stjórn Samtakanna í seint í janúar. Eru henni þökkuð vel unnin störf í þágu sparifjáreigenda og henni er óskað velfarnaðar í starfi hennar.

Eins og fram hefur komið stóðu Samtökin fyrir komu Göran Persson til Íslands í desember. Heimsóknin var stutt en árangursrík. Göran Person kom að kveldi þess 9. desember, hélt fyrirlestur í hátíðasal Háskóla Íslands í hádeginu þann 10. og hélt af landi brott að morgni þess 11. Á meðan á heimsókn hans stóð ræddi hann einnig við ýmsa ráðamenn

Jafnframt stóðu Samtök fjárfesta fyrir komu Theresu Strand, sænskum fræðimanni sem starfar í Danmörku. Hún flutti erindi stjórnarhætti fyrirtækja á 6 fundum. Fjallaði hún einkum um aðalfundi skráðra hlutafélaga og samskipti endurskoðenda og hluthafa í Danmörku og Svíþjóð. Samtökin vænta mikil af samstarfi við Theresu Strand á komandi árum.

Fulltrúar Samtaka fjárfesta hafa tekið þátt í upplýstri umræðu í fjölmiðlum um hrun bankanna á haustmánuðum og liðnum vetri svo eftir hefur verið tekið. Sá sem hér stendur hefur tekið þátt í yfir 30 fundum og ráðstefnum um bankahrunið í Reykjavík víða um land. Hafa þeir fundir meðal annars verið í samstarfi við þjóðkirkjuna og verkalýðshreyfinguna víða um land. Það er mín skoðun að hrun bankanna

megi eingöngu rekja til stjórnarháttá þessara fyrirtækja og að bankarnir hafi verið tæmdir innan frá og þar brugðust endurskoðunarfyrtæki eftirlitshlutverki sínu.

Um það segir William Black prófessor við Háskólann í Kansas City í Missouri „*The Best Way to Rob a Bank is to Own One*“ William Black er einmitt væntanlegur hingað til lands í byrjun maí næst komandi.

Á liðnu ári fjallaði ég um kaupréttarsamninga íslensku bankanna við starfsmenn sína á fundi á vegum Euroshareholders í Lubiana í Slóveníu. Í sumar mun ég fjalla um bankahrúnið á fundi Euroshareholders í Varsjá í Pólandi.

Ég vil í þessu sambandi segja frá því að Euroshareholders koma að undirbúningi að setningu laga og reglna í Evrópu um hóp málsóknir. Það eru engin úrræði til þar fremur hér á landi, önnur en þau að einstaklingar eða lögaðilar höfði einstök mál og aðrir fylgi málum eftir með sambærilegum kröfum.

Samtökin hafa látið sig varða réttindi hluthafa, einkum jafnræði hluthafa og hafa Samtökin meðal annars stutt við dómsmál þar sem reynir á ýmis álitaefni þar að lútandi. Í tveimur málum er gengnir dómur. Í öðru þeirra vannst sigur en hitt málið tapaðist. Báðum þessum málum hefur verið áfrýað til Hæstaréttar.

Á komandi mánuðum mun reyna á ýmis hagsmunamál sparifjäreigenda. Þau þrjú málefni sem hæst mun bera verða:

- Verðtrygging fjárskuldbindinga. Til eru þeir sem halda það að sparifjäreigendur skuli gjalda skuldurum með neikvæðri ávöxtun sparifjár. Slíkt er að sjálfsögðu í beinni andstöðu við öll siðalögmál og grunnatriði í fjármálafræðum.
- Sumir stjórn málaflokkar telja að hægt sé að leysa fjárlagahalla ríkissjóðs með því að hækka fjäreignatekjuskatt. Þannig var að mestur hluti fjäreignatekjuskatts til ríkissjóðs af söluhagnaði hlutabréfa. Nú er fyrir séð að um söluhagnað verður ekki að ræða á næstu árum. Vandamálið verður ekki leyst með því að hækka skatta af vöxtum og verðbótum. Slíkt er einungis leið til að draga úr frjálsum sparnaði.
- Sumir stjórn málaflokkar telja eðlilegt að leggja á eignarskatta. Eignarskattar eru úr sér genginn skattur og tekur ekki mið af fjárstraumum, sem er forsenda greiðslu.

Gegn þessum áformum og öðrum slíkum munu Samtök fjárfesta berjast á komandi mánuðum og árum.

Samtök fjárfesta eiga fulltrúa í nefndum á vegum viðskiptaráðuneytisins um endurskoðun laga um fjármála fyrirtæki og endurskoðun laga um verðbréfasjóði. Í störfum beggja nefndanna er mikið fjallað um lánveitingar til eignarhaldsfélaga og aðila tengdum stærstu eigendum bankanna. Má segja að þar kristallist bankahrúnið að nokkru leyti.

Samtök fjárfesta vænta þess að geta staðið vörð um hagsmunamál fjárfesta á því starfsári, sem hófst um liðin áramót. Það hefur aldrei sem nú verið viðlíka þörf samtök og Samtök fjárfesta.